

Baltasar við eitt þeirra verka sem á sýningunni verða.
Ljósm. Ól. K.M.

Baltasar og Pétur Behrens sýna á Kjarvalsstöðum

BALTASAR og Pétur Behrens opna málverkasýningar á Kjarvalsstöðum í dag, laugardaginn 1. mars, kl. 14. Sýningarnar verða báðar opnar til 16. mars n.k.

Á sýningu Baltasars verða 43—44 myndir, sumar úr einkaeign. Myndirnar eru allar málaðar á síðustu 12—14 mánuðum. Þrjú ár eru nú liðin síðan Baltasar hélt síðustu málverkasýningu sína en ár er frá síðustu grafíksýningu listamannsins.

„Það sem er mest áberandi á þessari sýningu eru verk sem ég hef unnið eftir ljóðum," sagði Baltasar í samtali við blaðamann Mbl.

„Á sýningunni eru einnig myndaraðir, t.d. um fanga, og nokkrar pólitískar myndir. Það má því segja að ég hafi hér lagt út á nýjar brautir auk þess sem inn á milli má sjá myndefni sem ég hef fengist við áður, svo sem hesta- og landslagsmyndir. Þær tengja sýninguna saman."

Baltasar undirbýr nú grafíksýningu sem haldin verður í Þýskalandi í apríl, en auk hans taka þátt í sýningunni þeir Leifur Breiðfjörð og Einar Hákonarson.

Pétur Behrens er þýskur að uppruna en fluttist til Íslands árið 1962 og gerðist íslenskur ríkisborgari. Pétur hefur m.a. kennt við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og Myndlistaskólann í Reykjavík. Hann leggur nú stund á frjálsa myndlist. Viðfangsefnin á þessari sýningu eru öll sótt í umhverfið í Flóanum, þorpin við ströndina og hestamennsku. Á sýningunni eru um 45 verk, teikningar, grafík, vatnslita- og olíumyndir, máluðar á síðast liðnum tveimur árum. Pétur Behrens sýndi í fyrsta sinn myndir sínar á Selfossi 1976 og er þetta því önnur einkasýning hans á Íslandi.



Pétur Behrens ásamt einni mynda sinna.

spurt og svarað

Lesendaþjónusta MORGUNBLAÐSINS

Hér á eftir fara fyrstu spurningarnar og svörin við þeim, sem lesendur Mbl. hafa beint til þáttarins Spurt og svarað, — lesendaþjónustu Mbl. varðandi skattamál. Af gefnu tilefni skal það tekið fram að þessi þjónusta er fólgin í því að lesendur hringja spurningarnar inn í síma 10100 kl. 14.00 — 15.00 frá mánudegi til föstudags og síðan er svara leitað og þau birt í blaðinu.

Björgunarlaun

Ásdís Jónasdóttir, Hagamel 44, Rvk. spurði hvernig telja ætti fram björgunarlaun til sjómanna skv. nýju skattalögunum. Hvergi virðist vera tekin afstaða til þessa atriðis, — sbr. gömlu skattalögin.

Svar: Björgunarlaun, eins og önnur starfstengd laun eru að fullu skattskyld og teljast í lið T 1 „ í framtali. Engínn frádráttur er sérstaklega leyfilegur vegna þessara tekna fremur en frá öðrum launum. Skattstjóra er heimilt að leyfa dreifingu á skattlagningu björgunarlauna sem áhafnir skipa, annarra en björgunarskipa, hljóta á fleiri en eitt ár.

Innistæður á ávísanareikning

Helga Weishappel, Vesturgötu 52, spurði hvort og þá hvernig gefa ætti upp innstæður á ávísanareikningum á skattaframtalið.

Svar: Innstæður á ávísanareikningum eins og aðrar innstæður í bönkum, sparisjóðum og innlánsdeildum samvinnufélaga, ber að telja fram í lið E 5 í framtali, vexti á árinu í vaxtadálk og innstæðu í árslok, þ.m.t. óhafðir vextir í dálkinn „Fjárhæð með vöxtum". Heildarvextir og heildareign skv. lið E 5 færast síðan á þann veg sem greinir á framtalseyðublaðinu.

Örorkulífeyrir barna

Runólfur Runólfsson, Heiðvangi 34, Hafnarfirði, spurði um hvar og hvernig telja bæri fram örorkulífeyri barna.

Svar: Skv. lögum um almannatryggingar virðist ekki um að ræða örorkulífeyrisgreiðslur til barna. Rétt til örorkulífeyris eiga þeir menn sem eru á aldrinum 16—17 ára. Örorkustyrk mun hins vegar heimilt að greiða vegna bæklunar eða vanþroska barns innan 16 ára aldurs. Þessi örorkustyrkur er tengdur foreldri (um) eða forráðanda barnsins og telst með tekjum þess (eða þeirra) sem rétturinn er tengdur.

Tekjur barna o.fl.

Ólafur Jónsson, Háaleitisbraut 81, spurði í **fyrsta lagi** hvort telja beri fram tekjur barna undir 16 ára aldri sem annast blaðadreifingu, — áður hafi ekki borið að gera það. **Í öðru lagi** hvort engin upphækkun vegna vísitölu komi á húsnæðislán frá eldri tíð, t.d. í E-flokki, sem hafa engan stuðul. **Í þriðja lagi** hvað varðar val framteljenda á frádráttarreglu, — eru framteljendur bundnir til frambúðar af vali sínu við gerð skattframtals 1980, — þ.e. gildir sú ákvörðun til frambúðar fyrir viðkomandi einstakling við gerð skattframtala næstu ára. **Í fjórða lagi** vildi Ólafur fá nánari skýringar hvað varðar 35. dálk, í T.3, frádráttarlið A, á bls. 2 á skattframtali. Hver væru hugsanlega laun skv. 5. tl. A-liðar 30. gr. laganna? **Í fimmta lagi** ef eiginkona tekur engin laun eða á séreignir, — er þá nauðsynlegt að fylla O út í hvern dálk á bls. 3 utan persónulegra upplýsinga og svo undirskriftar eiginkonu? -•

Svör: Fyrsta spurning:

Allar launatekjur barna undir 16 ára aldri ber að telja fram á skattframtali barns, þ.m.t. greiðslur fyrir að annast blaðadreifingu.

Önnur spurning:

Eins og fram kemur í upplýsingum um verðgildi lána Húsnæðismálastofnunar ríkisins sem fylgdu leiðbeiningum ríkisskattstjóra ber kvittun fyrir lánum eldri en frá 1974 og merkt lánaflokki E (eða öðrum bókstaf framar í stafrófinu) með sér raunverulegar eftirstöðvar lánsins í árslok 1979 og er skráð á kvittuninni í reit sem merktur er „eftirstöðvar án vísitölu". Upphækkun höfuðstóls vegna vísitölu (verðbóta) kemur því ekki til vegna þessara lána. Vísitöluákvæðum þessara lána var breytt með lögum nr. 72/1972.

Þriðja spurning:

Val á frádráttarreglu er bundin við skattframtal hvers einstaks árs. Ákvörðun um val í skattframtali 1980 gildir ekki til frambúðar, val skal ákvarðað við gerð skattframtals hvert einstakt ár.

Fjórða spurning:

Hér er um að ræða launatekjur sem greiddar eru embættismönnum, fulltrúum og öðrum starfsmönnum sem starfa hjá alþjóðastofnunum eða ríkjasamtökum, enda sé kveðið á um skattfrelsið í samningum sem Ísland er aðili að. Launatekjur þessar eins og aðrar launatekjur ber að telja til tekna í lið T 1 og með í samtölu í reit 21, en til frádráttar í reit 35.

Fimmta spurning:

Hafi eiginkonan (sama gildir um eiginmanninn) engar tekjur og engan rétt til frádráttar ber ekki að fylla út neina reiti, ekki einu sinni með 0, á þriðju síðu (eða annarri síðu) framtals. Persónulegar upplýsingar þurfa fram að koma eftir því sem við á og í öllum tilvikum ber báðum hjóna að undirrita framtalið.

Fötlun og atvinnustarfsemi

Vilmundur Jónsson, Háholti 9, Akranesi spurði hvort maður, sem fallið hefur út af hinum almenna vinnumarkaði t.d. vegna fötlunar og til þess að starfa við eitthvað rekur eigið fyrirtæki, t.d. bílaverkstæði í eigin bílskúr, njóti einhverra skattívilnana, ef vottorð sérfræðings fylgir um fötlun og takmarkaða starfsgetu.

Svar: Af spurningunni verður ekki annað ráðið en að fyrirspyrjandi hafi með höndum atvinnurekstur. Honum ber því að gera efnahags- og rekstrarreikning vegna þessa rekstrar. Honum ber einnig að reikna sér laun (endurgjald) við eigin atvinnurekstur (sem dragast frá sem rekstrarútgjöld við ákvörðun hreinna tekna af atvinnurekstrinum), sbr. reit 24 á framtalseyðublaði. Laun þessi (endurgjald) skulu ekki reiknuð lægri en þau hefðu orðið ef starfið væri innt af hendi fyrir óskyldan eða ótengdan aðila. Þessa launafjárhæð ber framteljanda sjálfum að meta. Ef um er að ræða sérstakar aðstæður sem hafa áhrif á þetta mat að mati framteljanda, svo sem aldur og heilsa, ber að koma upplýsingum þar um á framfæri við skattyfirvöld. Rétt væri hjá fyrirspyrjanda að láta vottorð sérfræðings fylgja um fötlun hans og takmarkaða starfsgetu. Enn fremur má benda fyrirspyrjanda á að hann getur sótt um ívilnun í tekjuskatti sínum ef veikindi hans hafa skert gjaldþol hans verulega.

Fyrning bifreiða

Jón Sturlaugsson, Skúlagötu 58, spurði varðandi auglýsingu um skattamat ríkisskattstjóra í Lögbirtingarblaðinu frá 8. febrúar s.l., lið nr. 3.4.0. — 1. mgr. um árlega fyrningu bifreiða og annarra ökutækja, — hvort villa hafi slæðst inn í þann lið, ef mið væri tekið af fyrri skýringum í þessu efni. Ef þessi liður væri rétt orðaður, hvernig bæri þá að túlka hann.

Svar: Hér er ekki um villu að ræða í skattmatinu. Ljóst er af matsreglunum að hámark ársfyrningar bifreiðar er 385.000 kr., án tillits til kaupverðs (stofnverðs) bifreiðarinnar. Af öðrum ökutækjum en bifreiðum er hámark ársfyrningar 10% af kaupverði (stofnverði) þeirra. Fyrning ökutækis þ.m.t. bifreiðar, sem notað er hluta úr ári reiknast hlutfallslega.

Spariskírteini

Kjartan Helgason, nnr. 9639—9642 spurði varðandi spariskírteini ríkissjóðs, — hvort þau væru framtalsskyld eða ekki. Á skírteinunum, sem undirrituð væru af fjármálaráðherra, stæði að þau væru undanþegin skattskyldu. En á skattframtali virtist vera gert ráð fyrir að þau væru talin fram til skatts.

Svar: Spariskírteini ríkissjóðs eru framtalsskyld í lið E 5 á framtali. Verðbréf þessi ber að telja til eignar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum á höfuðstól. Upplýsingar um verðgildi spariskírteina ríkissjóðs til eignar í árslok 1979 fylgdu leiðbeiningum ríkisskattstjóra. Hvort og að hve miklu leyti þessar eignir geta að lokum orðið skattfrjálsar ræðst af skuldastöðu framteljanda um áramót sbr. liðinn. „Ákvörðun eignarskattsstofns" á fjórðu síðu framtalseyðublaðsins. Vaxtatekjur, þ.m.t. verðbætur á höfuðstól og vexti spariskírteina ríkissjóðs, ber ekki að telja fram sem vaxtatekjur í lið E 5 fyrr en þær fást greiddar, annað hvort við innlausn eða sölu spariskírteina.

Vaxtatekjur, þ.m.t. verðbætur á höfuðstól og vexti af innleystum eða seldum spariskírteinum ríkissjóðs á árinu 1979, ber að tilgreina að fullu í vaxtadálk liðar E 5 á framtali en **innan sviga** og skulu ekki teljast með í samtölu vaxtatekna í reit 12. Þessar vaxtatekjur eru skilyrðislaust skattfrjálsar.